

lega tiltekizt, að fyrir þeim hafi drepizt hestar á póstferðunum, þá er þetta nokkuð, sem 25
 ávallt má við búast að komi fyrir, og ráð fyrir því gjört, þegar samið er um borgunina 25. febr.
 fyrir póstferðirnar, og eru slík óhöpp því póstsjóðnum fullkomlega óviðkomandi, og það
 því fremur, sem ekki verður fyrir það tekið, að kenna megi hjer að nokkru leyti vangá
 hlutaðeiganda sjálfra um að hestarnir drápu. Jeg treystist því eigi til að veita þeim
 úr landssjóði hið umbeðna endurgjald eða skaðabætur fyrir tjón þeirra, og bið jeg yður
 tilkynna það hlutaðeigendum.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um greiðslu 26
 fjárkláðakostnaðar. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlega umsögn yðar, herra amt- 26. febr.
 maður, í brjefi 17. sept. f. á., um kæru hreppsnefndarinnar í Helgastaðahreppi yfir úr-
 skurði yðar 27. maí f. á., er skyldar tjeða hreppsnefnd til að greiða úr hreppssjóði kostn-
 að samkvæmt tilskipunum 5. jan. 1866 og 4. marz 1871 við fjárskóðanir og niðurskurð
 á fje, útaf fjárkláða vorið 1884 í Helgastaðahreppi, að upphæð samtals 225 kr., skal yður
 hjermeð til vitundar gefið, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg fæ ekki betur sjeð, en
 að skilja beri svo ákvörðunina í 3. gr. tilskipunar 5. jan. 1866, um greiðslu kostnaðar
 þess, sem hjer um ræðir, að hann sje, einsog hreppsnefndin í Helgastaðahreppi heldur
 fram, óviðkomandi hreppssjóðnum, en *sýslumaður* á að jafna honum niður á alla fjár-
 eigendur í hverjum hrepp og heimta hann saman á manntalsþingum ásamt manntals-
 þingsrjöldunum, og þó að svo sje kveðið á í tilskipuninni, að niðurrjöfnun kostnaðarins
 á alla fjáreigendur í hverjum hreppi, eigi að gjöra «eptir reglum þeim, sem gilda um
 dýratolla», þá er það hvorttveggja, að með þessum reglum um dýratolla er átt við þær
 reglur, sem þá voru almennt gildandi, þegar tilskipunin kom út, enda gæti breyting á
 þessari *nánari* ákvörðun um niðurrjöfnunina, að hún átti að gjörast eptir reglunum um
 dýratolla, eigi haft í för með sjer breyting á þeirri aðalákvörðun um niðurrjöfnunina, að
 hún átti aðeins að snerta fjáreigendur í hreppnum sem slíka og að *sýslumaður* átti að
 innheimta kostnaðinn á manntalsþingum.

Jeg skal þessvegna þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að hlutast
 til um innheimtu optumgetins fjárkláðakostnaðar á þann hátt, er nú hefir sagt verið.

Brjef landshöfðingja um hallærislán handa Dalasýslu. — Með brjefi þessu var 27
 sýslunefndinni í Dalasýslu veitt 3000 kr. lán úr landssjóði til að afstýra hallæri í sýsl- 27. febr.
 unni, þannig að lán þetta ávaxtist með 4% á ári og endurborgist með $\frac{1}{8}$ árlega á 8
 árum eða á þann hátt, er alþingi síðar kann að ákveða.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 28
 birtingu á framlagning skattaskráa o. fl. — Með þóknanlegu brjefi 19. jan. þ. á., 1. marz
 hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi frá hjeraðslækni Guðmundi Guðmunds-
 syni, þarsem hann spyrst fyrir um:

- 1, hvort honum sje ekki heimilt, að bera upp kæru útaf tekjuskatti þeim, sem honum
 er gjört að greiða, þó hinn lögákveðni tími sje liðinn, þegar hlutaðeigandi skatta-
 nefnd hefur vanrækt að birta á kirkjufundi, hvar skattskráin liggi til sýnis; og
- 2, hvort skattanefndinni sje ekki skylt að láta honum í tje skýrslu um hvernig hún

28 hafi metið fasteignartekjur hans til skatts, svo að sjeð verði, hvort hún í því efni
1. marz. hafi hegðað sjer eptir ákvæðum tekjuskattslaganna.

Útaf þessu skal jeg samkvæmt þeirri skoðun, er þjer hafið látið uppi í ofan-
nefndu brjefi yðar, biðja yður tjá spyrjandanum:

- 1, að svo framarlega sem skattanefnd vanræki að birta á kirkjufundi samkvæmt 15. gr. tekjuskattslaganna hvar skattaskráin liggi til sýnis, þá sje hún skyld til, þó hinn lögboðni tími sje liðinn, að taka til prófunar kæru yfir skattgjaldi þeirra, er á skránni standa, ef hún getur ekki upplýst, að þeim hafi á annan hátt verið kunn-
ug framlegging skrárinnar, og
- 2, að skattaskráin eigi samkvæmt 14. gr. tekjuskattslaganna að innihalda skýrslu um upphæð hvernar tekjugreinar (af eign og atvinnu) fyrir sig, og um, hvað til frá-
dráttar komi samkvæmt lögnum (kostnað, vexti af þinglýstum veðskuldum) og að ef skattskráin innihaldi eigi skýrslu um þessi atriði, þá geti gjaldendur krafist
skattanefndina um upplýsingar viðvíkjandi þeim.

29 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um**
10. marz. **útmælingu undir verzlun á umboðsjörð.** — Með þóknanlegu brjefi, 4. janúar þ. á.,
hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað útmælingargjörð, er framkvæmd hefir verið 12.
ágúst f. á. á lóð í landi umboðsjarðarinnar Ólafsvíkur í Neshreppi innan Ennis til hús-
stæðis og verzlunar handa Jóni nokkrum Árnasyni, og hefur Jón þessi Árnason beiðst
staðfestingar á útmælingargjörð þessari, en leiguliðinn á Ólafsvík, Hans A. Clausen kaup-
maður, mótmælt henni, sumpart vegna þess, að hin útmælda lóð sje óþarflega stór og
útmælingin skerði því um of leiguliðarjett hans, sumpart af því, að lóðargjald það, sem
stungið sje uppá af mönnum þeim, er framkvæmdu útmælinguna, og sem hann ætlazt
til að renni til sín sem leiguliða, sje of lágt.

Um leið og þjer hafið skotið þessu máli til úrskurðar landshöfðingja, þarsem
hjer sje að ræða um ráðstöfun með tilliti til þjóðeignar um langan óákveðinn tíma,
sem sje yfirgripsmeiri en venjuleg jarðarbygging, hafið þjer tekið það fram, að hin út-
mælda lóð, sem tekin hefur verið á jörðinni Ólafsvík, á stað, sem leiguliðinn sjálfur hafði
vísað á, sje eigi stærri en góðu hófi gegni, einkum þegar tillit sje haft til landslagsins,
sem sumpart er malarsandkampur, sumpart graslítill brekkubörð, og til þess, að hinum
nýja kaupmanni sje nauðsynlegt, að geta haft útihús, fjós og hesthús, og kálgarð, sem
og pláss fyrir lestamenn til að taka ofanaf og láta uppá hesta sína, en alls þessa væri
honum varnað, ef hann fengi ekki aðra lóð en malarkamp þann, er leiguliði vilji miðla
honum; að Jón Árnason ætti að fá lóð þá, sem honum yrði úthlutað, til fullkominna
afnota bæði til lands og sjávar, án þess í því efni að vera í neinu háður leiguliðanum
á Ólafsvík, og ætti því leiguliðinn ekki að eiga rekarjett fyrir hinni útmældu lóð eða
Jón Árnason að þurfa að gjalda honum toll fyrir uppsátur á lóðinni fyrir sjálfan sig. Og
að endingu hafið þjer, hvað gjaldið eptir hina útmældu lóð snertir, látið það álit í ljósi,
að það ætti eigi minna að vera en 25—30 kr. árlega, og ætti að sjálfsögðu að renna í
landssjóð og hlutadeigandi umboðsmaður veita því móttöku og standa skil á því sem öðr-
um umboðsgjöldum, en aptur á móti skyldi það metið af óvilhöllum dómkvöddum mönnum,
hvort hinn núverandi leiguliði biði nokkurn skaða eða rýrnun í leiguliðanotum sín-